

Mál nr. 320/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fasteignatrygging****Gildissvið váttryggingarskilmála.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 11.10.2022 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags. 2.11.2022 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti lýsir M atvikum svo að í óveðri sem gekk yfir austurland þann 26. september 2022 virðist sem eitthvað hafi færst til á þaki hússins og viku eftir að óveðrið gekk yfir hafi þakið lekið í miklu rigningarveðri. Loftið í einu herbergja hússins sé ónýtt vegna vatnslekans. Tjónið tilkynnti M til tryggingafélagsins 1. október 2022. Verktaki á vegum tryggingafélagsins hafi komið og skoðað þakið en hann hafi ekki fundið upptök lekans en málskotsaðili bendir á að það hafi ekki verið rigning þegar verktakinn skoðaði aðstæður. Verktakinn nefndi við málskotsaðila að það vantaði skrófu á einum stað þaksins og ófullnægjandi þétting hafi verið meðfram annarri skrófu. Málskotsaðili segir að öllum nöglum og skrófum í þaki hafi verið skipt út fyrir þremur árum síðan og það hafi aldrei lekið þrátt fyrir að mikill snjór hafi safnast fyrir á þakinu á veturna. M byggir á því að það geti ekki verið tilviljun að þakið leki innan við viku eftir að óveður með vindhraða yfir 60m/sek hafi gengið yfir svæðið.

Í athugasemdum V til nefndarinnar kemur fram að tjónstilkynning hafi borist tryggingafélaginu þann 1. október 2022 og í henni sé tjóninu lýst á eftirfarandi hátt „Í óveðrinu sem gekk yfir sl. sunnudag 25. sept, hefur losnað upp á þakskrófum og lekur meðfram einni þeirra núna í miklu rigningarveðri. Uppgötvaðist 1. okt. Loftið í einu herberginu lekur og eru loftplötur ónýtar og einangrun ofan á líklega ónýtt líka.“ Í athugasemdum V segir að engar myndir hafi fylgt tilkynningunni og hafi tryggingafélagið óskað eftir að fá myndir af skemmdunum og orsökum skemmdanna. M hafi sent félaginu myndir af tjóninu. V hafi sent verktaka á vegum félagsins að heimili M til þess að skoða umfang og ástæðu fyrir lekanum. Niðurstaða verktakans hafi verið sú að talsvert vatn hafi verið í þakinu og sjáanlegar skemmdir á loftklæðningu í svefnherbergi og á parketi á gólfi. Verktakinn hafi farið upp á þak hússins og sá þar ekkert sem gat orsakað lekann. Hann hafi tekið myndir en á þeim megi sjá að skrófur sem þéttu ekki í pakkningu og var því greið leið inn fyrir vatn og á öðrum stað á þakinu vantaði skrófu en það hafði verið borað fyrir henni. Að öðru leyti voru engar sjáanlegar skemmdir á þakinu sem gætu orsakað þennan leka eða sem hægt væri að rekja til óveðursins þann 25. september 2022. Bótasvið fasteignatryggingarinnar sé skilgreint í skilmálum hennar og tjón vegna úrkomu falli ekki undir skilmála tryggingarinnar nema þegar vindur rjúfi byggingarhluta. Skoðunarmaður á vegum félagsins hafi ekki getað fundið neitt né séð skemmdir á þakinu sem megi rekja til óveðursins. M beri sönnunarbyrðina fyrir því að tjónið sé þess eðlis að það falli undir bótasvið tryggingarinnar og sú sönnun liggi ekki fyrir heldur bendi ljósmyndir af þakinu til þess að vatnið hafi fundið sér leið í gegnum þakið á þeim stað þar sem skrófu vantaði og/eða þar sem skrófur virtust vera með ófullnægjandi þéttingu.

Álit.

Í máli þessu er ágreiningur á milli málsaðila um það hvort vatnstjón sem varð á fasteign í eigu M falli undir gildissvið váttryggingarskilmála fasteignatryggingar hjá V. Í skilmálum fasteignatryggingarinnar er kveðið á um bótasvið hennar. Þar kemur m.a. fram í ákvæði 21. gr. að: „Váttryggingin bætir tjón á váttryggðri húseign af völdum ofsaveðurs þegar vindur nær að rjúfa þak, glugga eða vegg húseignarinnar eða valdi tjón á öðru því sem váttryggt er, enda hafi vindhraði þegar tjónið varð náð 28,5 metrum á sekúndu samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands. Tjón á hinu váttryggða af völdum úrkomu og sandfoks samfara óveðri bætist því aðeins að vindur hafi rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu váttryggingarinnar, hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað“. M hefur sönnunarbyrði um að þessum bótaskilyrðum skilmálans sé fullnægt þannig að bótaskylda stofnist úr váttryggingunni. Í málinu liggja ekki fyrir staðfestar upplýsingar frá Veðurstofu Íslands um vindhraða á austurlandi í lok september sl.

Þegar óveðrið gekk yfir landshlutann en V hefur ekki borið því fyrir sig að vindhraði hafi ekki náð skilyrðum fyrrgreinds ákvæðis um 28,5 metrum á sekúndum enda óumdeilt að almennt eignatjón varð á austurlandi af völdum ofsaveðursins. Af fyrirliggjandi ljósmyndum af þakinu og tjóninu verður ekki ráðið að umrætt ofsaveður hafi rofið þak hússins eins og áskilið er í skilmála tryggingarinnar. Ekki liggja heldur fyrir í málinu sönnunargögn um orsök lekans en verktaki á vegum tryggingafélagsins gat ekki séð hvað hafi getað orsakað svona mikið vatnstjón á fasteigninni en engin sýnileg ummerki hafi verið hvorki á háalofti né þaki fasteignarinnar. Að öllu athuguðu hefur M ekki sýnt fram á að tjónið sé að rekja til ofsaveðurs sem falli undir bótasvið fasteignatryggingarinnar og því eru skilyrði bótaskyldu úr váttryggingunni ekki fyrir hendi. Engin önnur ákvæði váttryggingarskilmálanna, að séð verður, geta komið hér til álita og leitt til bótaskyldu. M á því ekki rétt á bótum úr váttryggingunni vegna vatnstjónsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna vatnstjóns úr fasteignatryggingu hjá V.

Reykjavík, 29. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir